

SVERRIR TÓMASSON

ÓLÍNU ÞORVARÐARDÓTTUR SVARAÐ

Vits er þörf
(Háv. 5)

Eins og venja hefur verið í þessu riti þegar birtar eru andmælaræður, þá var Ólína Þorvarðardóttur boðið að svara ræðum andmælenda sinna sem fluttar voru við vörn hennar 3.6. 2000. Í svörum sínum fer Ólína út fyrir þau mörk sem hæfileg eru talin í málefnalegri umræðu og sökum þess verður ekki hjá því komist að leiðrétta rangfærslur í skrifum hennar. Ólína kaus skömmu eftir vörnina að setjast í skriftastól fjölmiðla þar sem hún, annaðhvort sem viðmælandi eða greinarhöfundur, vakti athygli alþjóðar á þeim göllum sem á ritsmið hennar voru um leið hún reyndi að varpa ábyrgðinni yfir á aðra. Í þessar greinar vitnar hún m.a. í svari sínu.

Ólína telur að ég hafi „ekki tekið trúnaðarhlutverk“ mitt „alvarlega“ (215). Mér er ekki ljóst við hvaða hlutverk Ólína á og vísa til bréfs dómnefndar til forseta heimspekideildar, Jóns G. Friðjónssonar prófessors, dags. 14.12. 1999, en dómnefndin var skipuð dr. phil. Vésteini Ólasyni, dr. phil. Bo Almquist og dr. phil. Sverri Tómassyni. Bréf þetta hefur að geyma álit dómnefndar á ritsmið Ólínu, Brennuöldinni. Þar segir m.a. svo:

Fyrstu tveir kaflar ritsins og meginhluti þess þriðja eru endursögn og úrvinnsla eldri rannsókna, íslenskra og erlendra. Í þessum inngangi er víða rakið meira en þyrfti af niðurstöðum fyrri fræðimanna sem nú eru hluti af almennri þekkingu á þessu tímabili. Bæði hér og í upphafi VI. kafla er settur fram ýmiss konar fróðleikur um fræðileg hugtök og aðferðir sem má telja til frumatriða í þeim fræðigreinum sem stuðst er við og lítið erindi eiga í slíkt rit (bls. 2) ... Taka verður fram að frágangi er víða ábótavant. Nefndin hefur fundið allmargar villur í beinum tilvitnunum og í tilvísunum til rita. Væri æskilegt að slíkar villur yrðu leiðréttar áður en ritið birtist á prenti (bls. 3).

Álit dómnefnda um ritgerðir sem sendar eru inn til doktorsprófs eru opinber gögn, enda fara þau fyrir viðkomandi deild og er þá annaðhvort fallist á að

taka verkið til varnar eða því er vísað frá. Í ofangreindu áliti um ritsmíð Ólínu Þorvarðardóttur var verkið ekki talið hnökralaust og því beint til hennar að hún leiðrétti villur og lagfærði frágang áður en það yrði prentað. Ekki er svo að sjá að Ólína hafi orðið við þessum tilmælum. Mér var því nauðugur einn kostur að tína til helstu gallana og fyrir því er löng hefð í heimspekideild að andmælandi hefji mál sitt á því að telja upp prentvillur og aðrar misfellur. Ég vil taka fram að ég minntist aðeins á lítinn part af þessum göllum. Ummæli mín um þá eru síður en svo gífuryrði enda þarf hvorki smásjá né önnur nornagler til að greina villur í verkinu, bæði í heimildaskrá og annars staðar.

Ólína Þorvarðardóttir hefur nokkur orð um skyldur opinberra starfsmanna og vitnar í lög frá árinu 1996 þar að lútandi. Slíkar reglur gilda um þá sem einkum vinna við þjónustustörf eða stjórnsýslu. Andmælanda er hins vegar skylt, rétt eins og prófdómara, að leggja mat á verk verðandi doktors, taka það fram sem miður hefur farið og það sem vel er gert, enda segir í 14. gr. reglugerðar um doktorspróf í heimspekideild frá árinu 1995 að þess sé krafist í doktorsritgerðum að fylgt sé „viðurkenndum vísindalegum rannsóknaraðferðum og tækni við frágang“, en til síðara atriðisins höfðu ummæli dómnefndar í tilvitnuðu bréfi. Og eins og við öll önnur próf, þá ber doktorsefnið eitt ábyrgð á verki sínu og hvorki leiðbeinendur né þeir sem áður hafa lagt doktorsefninu lið með yfirlestri eða ráðleggingum. Ég sé ekki ástæðu til að leiðrétta fleiri rangfærslur í svari Ólínu Þorvarðardóttur.

*Sverrir Tómasson
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík
sverrirt@am.hi.is*